

Föstudaginn 16. maí 1969.

Nr. 5/1969.

Göltur h/f

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Lilju Ólafsdóttur vegna sjálfar sín og fyrir hönd ófjárráða barna sinna, Lovísu, Ernu, Guðmundar Hafþórs og Kristjáns Ibsens, og gagnsök.

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Dánarbætur. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1969. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. febrúar 1969. Hún hafði gjafsóknarleyfi í héraði og hefur verið veitt gjafsóknarleyfi hér fyrir dómi. Gerir hún þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða bætur, samtals að fjárhæð kr. 1.444.792.00, ásamt 8% ársvöxtum frá 2. nóvember 1963 til 1. janúar 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Eru þessar bætur til hennar sjálfar og barnanna sundurliðaðar í kröfugerð fyrir héraðsdómi. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál. Loks krefst hún sjóveðréttar í m/s Stefni, IS 150, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Eins og þar er rakið, benda gögn málsins til þess, að eldsupptökin megi rekja til þess, að of mikil olía hafi runnið í eldhólf eldavélarinnar. Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda í héraðsdómi gátu ástæður til þess hafa verið bilun í oliustillitækinu, sem tengt var við eldavélina, eða að handstillir hefur verið

of hátt stilltur. Gert var við eldavélina eftir brunann, og mun blöndungurinn hafa verið notaður eitthvað áfram, en síðar var eldavel með miðstöðvarkerfi sett í skipið. Eigi er vitað um afdrif hinna eldri tækja. Þau voru ekki rannsökuð af fagmönnum, en með slíkri skoðun á vettvangi strax eftir slysið hefði líklega mátt ganga úr skugga um það, hvort oliurennslíð í eldhólfið hafi verið of mikið, og þá einnig, hver var orsök þess.

Samkvæmt skýrslu skipverjans Guðmundar Elí Guðmundssonar, sem fór frá borði, um tveim klukkustundum áður en eldsins varð vart, var í hásetaklefanum „hiti mikill og sótti værð að mönnum“. Tveir skipverja „lágu á gólfinu, en Kristján Ibsen sat á bekknum og lá fram á borðið“. Þegar að var komið eftir brunann, fannst lík Kristjáns Ibsens skipstjóra alklætt á gólfinu í hásetaklefanum. Hann og Eiríkur Sigurðsson háseti höfðu sofið þar einir um borð um nóttina. Virðist Eiríkur hafa farið að sofa á undan skipstjóra. Eins og áður er sagt, kunna eldsupptökin að hafa orðið vegna of mikillar oliugjafar, en skipstjóra bar að gæta þess, áður en lagzt var til svefns frá opnum eldi, að handstillirinn væri ekki of hátt stilltur.

Samkvæmt framansögðu er óvíst um orsakir brunans. Ekki var lögboðið að koma fyrir á eldavélinni bræðiloka þeim, sem fjallað er um í héraðsdómi, en það var eðlileg öryggisráðstöfun og kynni að hafa komið að haldi. Að svo vöxnu máli þykir rétt, að aðaláfrýjandi, sem átti að hlutast til um rannsókn sérkunnáttumanna á tækjum strax eftir slysið og gæta þess, að þau færu ekki forgörðum, bæti gagn-áfrýjanda tjónið að hálfu.

Bjarni Þórðarson tryggingafræðingur hefur samið tjónút-reikning, þar sem tekið er tillit til breytinga á kauplagi, greiðslum almannatrygginga og vöxtum, sem orðið hafa, síðan tjónút-reikningur Guðjóns Hansens var saminn. Þessi nýi tjónút-reikningur er dagsettur 1. þ. m. Segir þar m. a.:

„Ég hefi umreiknað vinnutekjur Kristjáns árin 1961—1963 til kauplags á slysdegi og síðan, annarsvegar með hliðsjón af breytingum á fiskverði á vetrarvertíð og hins vegar með

hliðsjón af breytingum á kjörum togarasjómannanna. ...

Árlegur barnalífeyrir almannatrygginga nemur nú kr. 18.876.00. Sé reiknað með, að bætur til hvers barns nemi á hverjum tíma sömu upphæð og barnalífeyrir almannatrygginga, reiknast mér verðmæti bótanna á slysdegi nema:

Vegna Lovísu	kr. 34.646.00
— Ernu	— 46.381.00
— Guðmundar Hafþórs —	108.980.00
— Kristjáns	— 144.304.00

... Verðmæti framfærslueyris til Lilju Ólafsdóttur, sem fundinn er á sama hátt og í útreikningi Guðjóns, reiknast mér nema á slysdegi:

Miðað við umr. eftir breyt. á fiskverði kr. 860.112.00
 Miðað við umr. eftir breyt. á kjörum tog.sjóm. — 968.225.00

... Verðmæti mæðralauna og ekkjulífeyris reiknast mér nema á slysdegi kr. 233.280.00.

Við útreikningana eru notaðir 7% vextir p. a., dánarlíkur íslenzkra karla og kvenna samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt sænskri reynslu“.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykja bætur til gagnáfrýjanda sjálfrar fyrir missi fyrirvinnu og vegna röskunar á stöðu og högum hæfilega ákveðnar í heild kr. 225.000.00, og hafa þá verið virtar til frádráttar dánarbætur, kr. 106.517.00, sem hún fékk greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, og verðmæti mæðralauna og ekkjulífeyris, kr. 233.280.00. Heildarbætur til ófjárráða barna gagnáfrýjanda þykja hæfilega ákveðnar:

Til Lovísu Ibsens	kr. 23.000.00
— Ernu Ibsens	— 25.000.00
— Guðmundar Hafþórs Ibsens . .	— 37.000.00
— Kristjáns Ibsens	— 50.000.00

Eftir þessum úrslitum ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um kröfu gagnáfrýjanda samkvæmt 8. gr. kjarasamnings frá 14. júní 1963.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 360.000.00 (225.000.00 + 23.000.00 + 25.000.00 + 37.000.00 + 50.000.00).

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um vaxtafót og upphafstíma vaxta.

Þá ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda sjálfri og fyrir hönd greindra barna hennar málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 120.735.00, og hljóti af fjárhæð þessari skipaður talsmaður þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti, Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður, kr. 110.000.00.

Samkvæmt 4. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í m/s Stefni, IS 150, fyrir framangreindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Göltur h/f, greiði gagnáfrýjanda, Lilju Ólafsdóttur, sjálfri kr. 225.000.00 og f. h. Lovísu Ibsens kr. 23.000.00, f. h. Ernu Ibsens kr. 25.000.00, f. h. Guðmundar Hafþórs Ibsens kr. 37.000.00 og f. h. Kristjáns Ibsens kr. 50.000.00 ásamt vöxtum af hverri fjárhæð, sem reiknast 7% ársvextir frá 2. nóvember 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda sjálfri og fyrir hönd greindra barna hennar málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 120.735.00, og hljóti af fjárhæð þessari skipaður talsmaður þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti, Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður, kr. 110.000.00.

Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt í m/s Stefni, IS 150, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. nóvember 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 24. f. m., hefur Lilja Ólafsdóttir, Hjallavegi 5, Suðureyri við Súgandafjörð, höfðað fyrir sína hönd og ófjárráða barna sinna, Lovísu, Ernu, Guðmundar og Kristjáns, fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 1. nóvember 1965, gegn Gelti h/f, Suðureyri við Súgandafjörð, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.244.792.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 2. nóvember 1963 til 1. janúar 1965, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Í þinghaldi 24. október 1968 hækkaði stefnandi kröfur sínar um kr. 200.000.00, eða í kr. 1.444.792.00, og samþykkti lögmaður stefnda, að sú hækkan fengi að komast að án framhaldsstefnu. Er þetta aðalkrafa. Til vara krefst stefnandi skaðabóta að fjárhæð kr. 1.325.187.00 og til þrautavara, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 200.000.00. Þá krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Stefni, ÍS 150, til tryggingar dæmdum fjárhæðum. Enn fremur að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðneytisins, dagsettu 1. október 1965, hefur stefnanda verið veitt gjafsókn í máli þessu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað.

Stefnandi hefur stefnt Tryggingamiðstöðinni h/f til að gæta réttar síns í málinu, en engar kröfur gert á hendur réttargæzlu-stefnda, og réttargæzlustefndi hefur engar kröfur gert.

Málavextir eru þeir, að um miðnætti aðfaranótt 2. nóvember 1963 kom Kristján Ibsen, skipstjóri á m/s Stefni, ÍS 150, sem er eign stefnda Galtar, á nefndu skipi til Suðureyrar við Súgandafjörð frá Ísafirði. Hann mun hafa ætlað að róa til fiskjar síðar um nóttina eða snemma næsta morgun. Lagðist hann til svefns í hásetaklefa ásamt hásetanum Eiríki Sigurðssyni. Um nóttina varð eldur laus í hásetaklefanum. Bjargaðist hásetinn Eiríkur Sigurðsson úr brunanum, en skipstjórinn, Kristján Ibsen, eiginmaður Lilju Ólafsdóttur og faðir áðurgreindra barna hennar, andaðist af afleiðingum þessa eldsvoða. Hefur ekkjan, Lilja Ólafsdóttir, persónulega og fyrir hönd áðurgreindra barna sinna höfðað skaðabótamál á hendur eiganda skipsins, Gelti h/f, til greiðslu bóta vegna þess tjóns, sem hún telur, að þau hafi orðið fyrir vegna andláts eiginmanns hennar.

Sjópróf fóru fram í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar út af elds-

voða þessum þann 20. marz 1964. Var þar lögð fram skýrsla hreppstjórans á Suðureyri, Sturlu Jónssonar, um atvik þetta. Skýrslan er dagsett 4. nóvember 1963. Þar segir m. a.:

„Kristján kom á m.s. Stefni frá Ísafirði um kl. 12.00 um kvöldið 1. nóvember. Hugði hann til sjóróðra síðar um nóttina. Svaf Kristján í hásetaklefa ásamt háseta sínum, Eiríki Sigurðssyni, sem vaknaði kl. rúmlega 4 við mikinn reyk og eld við eldavél. Eiríkur sá ekkert fyrir reyk og fór strax upp á dekk að fá sér hreint loft. Reyndi hann að nota slökkvitæki, er þar var, en það virkaði ekki hjá honum. Fór hann síðan og vakti Þórð Pétursson, vélstjóra, sem kom strax, en komst ekki inn í hásetaklefan fyrir eldi og reyk. Setti Þórður þá vél í gang og sjóslöngu í samband og fór svo strax og vakti slökkviliðsstjóra. Kom slökkviliðið á augabragði með slökkvitækin og brunadælur. Á meðan Þórður vakti slökkviliðsstjóra, sprautaði Eiríkur sjó á eldinn. Var svo strax farið að svipast um eftir Kristjáni Ibsen, fannst hann örendur og nokkuð brunninn á öðrum fæti. Niðurlögum eldsins var skjótlega ráðið. Læknir, sem var á staðnum, hóf strax lífgunartilraunir ásamt aðstoðarmönnum, fyrst lengi um borð, en síðar í sjúkraskýlinu. Bar þetta engan sýnilegan árangur, því maðurinn var látinn. Bendir allt til, að hann hafi kafnað, en síðar brunnið á fæti, en eldur hafði læst sig í gólfðregil, nær því sem Kristján var“.

Þórður Pétursson vélstjóri gaf skýrslu í sjóprófinu og hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið vélstjóri á m/s Stefni og verið með í ferðinni frá Ísafirði til Súgandafjarðar. Hann kveðst hafa farið niður í hásetaklefa, rétt áður en hann stöðvaði vélina í bátnum og fór í land. Hafi þá allt verið í lagi með eldavélina, að því er hann bezt gat séð, og ekki óeðlilegur hiti í hásetaklefanum. Þegar hann kom um borð aftur um nóttina, kveðst hann hafa farið niður í ganginn aftan við hásetaklefan, en ómögulegt hafi þá reynzt að fara niður í hásetaklefan vegna elds og reyks. Engin ljós hafi þá verið logandi í bátnum, enda höfðu rafmagnsleiðslur brunnið í hásetaklefanum. Hann áætla, að ekki hafi tekið meir en 6 til 8 mínútur að kæfa eldinn. Hafi að mestu leyti verið búið að kæfa eldinn með sjóslöngu bátsins, þegar slökkviliðið kom á vettvang. Hann segir, að eldavélin hafi staðið í hásetaklefanum við milliþil milli lestar og hásetaklefans. Hann heldur, að eldurinn muni hafa stafað frá eldavélinni, þannig að of mikil olía hafi farið inn á hana. Eftir að eldurinn hafði verið slökktur, sá vélstjórinn, að málning á lofti hafði losnað frá og sviðnað

lítills háttar við vaskborð við eldavélina, en veggurinn á bak við eldavélina hafi að mestu leyti verið klæddur með járni.

Vélstjórinn, Þórður Pétursson, gaf skýrslu hér fyrir dómi 15. september 1967. Hann hefur þar skýrt m. a. svo frá, að hann hafi verið búinn að vera um $1\frac{1}{2}$ ár sem vélstjóri á skipinu, þegar slysið varð. Kveðst hann hafa sofið í hásetaklefanum, en í honum séu sjö kojur. Kveðst hann ekki vita, í hvaða koju skipstjórinn, Kristján Ibsen, svaf nóttina, er slysið varð. Hann segir, að eldavélin hafi verið það nærri millivegnum, að vel hafi verið hægt að koma hendi á milli eldavélarinnar og þilsins. Hann telur, að eldavélin hafi verið búin að vera í bátnum, frá því að báturinn var byggður. Þetta hafi verið Scandia vél. Við hana var tengdur blöndungur, en hann man ekki, af hvaða tegund blöndungurinn var, en hann telur, að hann hafi verið af algengri tegund, sem bæði sé notuð til sjós og lands. Ekki veit hann, hver kom blöndungnum fyrir. Oliugeymir eldavélarinnar hafi verið staðsettur í vélarúmi og hafi geymirinn verið hæðarkútur, en lítill hæðarmismunur hafi verið frá úrtaki geymisins og inntaki vélarinnar. Á milli blöndungsins og lestarþilsins hafi verið handloki, sem alltaf var hafður opinn, nema eitthvað sérstakt væri um að ræða. Blöndungurinn hafði stillanlegan skammtara, sem hægt var að stjórna oliugjöfinni með. Vélstjórinn veit ekki, hvernig blöndungurinn var stilltur í umrætt sinn. Hann veit ekki til þess, að borið hafi á göllum í blöndungnum, áður en slysið varð. Hann segir, að það hafi verið venja að láta loga í eldavélinni í landlegum, þegar frost var. Hann kveðst ekki hafa hugað að eldavélinni sérstaklega, þegar hann fór í land um kvöldið, en hann kveðst ekki hafa orðið var við neitt óeðlilegt við vélina, þegar hann yfirgaf skipið. Matsveinninn á bátnum, sem að jafnaði notaði eldavélina til matargerðar, hafi aðallega séð um stillingu og hirðingu eldavélarinnar. Ekki man hann, hver var matsveinn á þessum tíma. Annars hafi hver og einn af skipverjum stillt oliugjöfina, eftir því sem þurfa þótti í hvert sinn. Vélstjórinn kvaðst ekkert frekar geta upplýst um eldsupptökin. Hann tekur hins vegar fram, að blöndungurinn hafi verið notaður áfram eftir slysið. Hann veit ekki, hvort nokkrar lagfæringar voru gerðar á honum, en segir, að hugsanlegt sé, að einhverjir menn á staðnum hafi yfirfarið hann eftir brunann. Hann segir, að nú sé búið að fjarlægja umrædda eldavél og blöndunginn, og veit hann ekki, hvað af þeim hefur orðið, en hann segir, að eldavélin hafi ekki verið fjarlægð vegna slyssins, heldur vegna þess, að rétt þótti að fá eldavél með miðstöðvarkerfi,

sem notað var til þess að hita upp káetu og kortaklefa. Hann kveðst ekki vita, hver stillti blöndunginn síðast fyrir slysið. Hann álitur, að það hafi ekki verið í hans verkahring að hafa eftirlit með eldavél í bátnum, þótt oft sé leitað til vélstjóra, ef um eitthvað sérstakt sé að ræða, sem gera þurfi við. Hann kveðst hafa séð um að fylla olíugeymi eldavélarinnar, enda sé það sami olíugeymir og notaður sé fyrir aðalvél skipsins, en úr olíugeyminum sé dælt í hæðarkútinn, sem minnzt sé á hér að framan, og annist vélstjórinn það. Hann kveðst ekki hafa litið á klukkuna, þegar hann fór í land, en hann telur, að klukkan hafi þá verið um 12 á miðnætti. Báturinn var þá kominn til Suðureyrar frá Ísafirði, en þar hafði verið skipt um hljóðdeyfi í vélinni. Hann minnir, að þeir hafi lagzt að bryggjunni í bátahöfninni, um það bil hálf tíma áður en hann fór í land. Veðurútlit hafi þá verið tvísýnt, en komið hafi til tals að róa um nóttina eða morguninn eftir. Hann man, að einn bátur reri frá Suðureyri morguninn eftir slysið. Þegar vélstjórinn fór í land, voru eftir í hásetaklefanum Kristján heitinn Ibsen, Eiríkur Sigurðsson háseti, Hannes Alexandersson og Guðmundur Elí Guðmundsson. Hann segir, að Kristján heitinn hafi ekki verið búinn að afklæða sig neitt, þegar hann fannst.

Eiríkur Sigurðsson háseti gaf skýrslu í sjóprófinu á Ísafirði þann 20. marz 1964. Þar skýrir hann meðal annars svo frá, að hann hafi ekki orðið var við annað en að eldavélin væri í lagi, þegar hann fór að sofa, og hafði hún verið í lagi undanfarið. Hann hyggur, að eldsupptökin hafi verið frá eldavélinni, of mikil olía hafi runnið inn á eldavélina. Allt hafi verið sviðið í kringum eldavélina og loftið í hásetaklefanum. Hann veit ekki til, að neitt hafi verið sett nýtt af viði við viðgerðina nema hurð á skáp, sem var rétt hjá eldavélinni. Hann segir, að enginn ventill hafi verið á olíuleiðslunni í því skyni að loka fyrir olíuna, ef of mikil olía rynni inn á vélina.

Eiríkur Sigurðsson gaf skýrslu hér fyrir dómi 18. september 1967. Kveðst hann hafa lagzt til svefns í koju sinni, áður en skipverjarnir Hannes og Guðmundur Elí yfirgáfu skipið. Koju vitnisins var aftasta kajan bakborðsmegin, rétt við uppganginn. Hann kveðst hafa farið í koju upp úr miðnætti og þá hafi ekki borið á neinu athugaverðu við eldavélina, svo að hann tæki eftir, en hann kveðst ekki hafa haft nein afskipti af blöndungi eldavélarinnar. Hann kveðst ekki geta sagt um ástæðuna fyrir því, að eldurinn kom upp, en kveðst hafa heyrt menn tala um, að blönd-

ungurinn hefði bilað. Hann kveðst hafa verið búinn að vera á bátnum frá því um vorið. Veit hann ekki til þess, að blöndungurinn hafi bilað, á meðan hann var á bátnum fyrir slysið. Ekki kveðst hann hafa gætt að því, hvernig blöndungurinn var stilltur, þegar búíð var að slökkva eldinn. Ekki veit hann, hvort blöndungurinn var notaður áfram eftir brunann. Hann man ekki, hver var matsveinn á bátnum í umrætt sinn. Hann tekur fram, að hann hafi lítið sem ekkert séð fyrir reyk, þegar hann vaknaði við eldsvoðann, en eldurinn hafi þá verið stjórnborðsmegin aftan til í lúkarnum við eldavélina. Hann vissi þá ekki, að Kristján heitinn Ibsen væri í hásetaklefanum.

Í málinu liggur frammi skýrsla, dagsett 25. júní 1968, frá hreppstjóranum á Suðureyri, svohljóðandi:

„Varðandi slys, sem varð um borð í m.s. Stefni hinn 2. nóvember 1963, hitti ég í dag rétt snöggvast Hannes Alexandersson, er hann kom að landi úr veiðitúr með handfæri við suðurland. Bað ég hann um frekari upplýsingar um ástand eldavélar og karbortors um borð í Stefni, er hann fór frá borði. Sagðist hann ekki geta gefið neinar upplýsingar umfram það, er hann gerði 4. 11. 1963 í skýrslu sinni. Hefðu engin merki um íkveikju verið sjáanleg, er hann fór frá borði. Fór hann á sjóinn aftur eftir stutta viðdvöl“.

Þá hefur einnig verið lögð fram skýrsla áðurgreinds hreppstjóra, svohljóðandi:

„Skýrsla

Guðmundar Elí Guðmundssonar vegna slyss, sem varð um borð í m.s. Stefni hinn 2. nóv. 1963. Mættur Guðm. Elí Guðmundss. taldi sig engu geta bætt við skýrslu, er hann gaf 4. nóvember 1963, er var svohljóðandi:

Ég kom um borð í Stefni, eftir að hann kom í bátahöfnina um kl. 12 að kvöldi 1. nóv. Fór ég í hásetaklefa, er þar voru fyrir Kristján Ibsen, Eiríkur Sigurðsson, Hannes Alexandersson og Þórður Pétursson, er fór fljótlega heim til sín. Var spjallað um daginn og veginn. Um kl. 2 fór ég heim til mín. Var hiti mikill og sótti værd að mönnum. Hannes og Eiríkur lágu á gólfinu, en Kristján Ibsen sat á bekknum og lá fram á borðið. Enginn eldur var þá laus í hásetaklefa.

Suðureyri, 4. 11. '63.

Guðm. Elí Guðmundsson.

Hinn 10. okt. 1968 mætti Guðm. Elí Guðm.s. og sagðist staðfesta fyrri frásögn sína.

Suðureyri, 10. 10. 1968

Guðm. Elí Guðmundsson“.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir Óskar Kristjánsson, framkvæmdastjóra stefnda, Galtar h/f:

1. Var blöndungurinn notaður eftir brunann?
2. Sé svo, var hann yfirfarinn af fagmönnum?
3. Þurfti að gera við blöndunginn, eða var hann notaður áfram án sérstakrar lagfæringar?
4. Er vitað um nokkra sérstaka galla, sem kunna að hafa valdið ofrennsli inn á eldavélina?

Þessum spurningum svaraði Óskar Kristjánsson með bréfi, dagsettu 2. nóvember 1967, á eftirfarandi hátt:

- „1. Eftir því sem bezt er vitað, mun blöndungurinn hafa verið notaður áfram.
2. Vélsmiðja Guðjóns Halldórssonar hér á staðnum tók eldavélina til viðgerðar eftir brunann og mun hafa yfirfarið blöndunginn ásamt öðrum hlutum eldavélarinnar.
3. Sjá svar nr. 2.
4. Mér er ekki kunnugt um það“.

Í málinu liggur frammi vottorð Guðsteins Þengilssonar héraðslæknis, dagsett á Suðureyri 16. febrúar 1967. Þar segir meðal annars:

„... Ég hefi undir höndum afrit af dánarvottorði um Kristján Albert Ibsen, Suðureyri, fæddur 24. 4. 1920, skrifað af Magnúsi Karli Péturssyni, þáverandi héraðslækni á Flateyri, dagsett 2. nóvember 1963 á dánardegi Kristjáns. Á vottorðinu eru tilgreind dánarorsökin, köfnun og sem undanfarandi orsök, eldsvoði. Lífgunartilraunir voru reyndar í 5 klst., en án árangurs, enda engin lífsmörk með hinum látna, er hann náðist. Krufning fór ekki fram“.

Samkvæmt skýrslu, sem hreppstjórinn í Suðureyrarhreppi, Sturla Jónsson, tók af Agli Guðjónssyni, vélsmið á Suðureyri, kveðst Egill ekki muna eftir, að nein viðgerð hafi farið fram á olíublöndungi eldavélarinnar.

Mál þetta var sent skipaskoðunarstjóranum til umsagnar. Af því tilefni ritaði skipaskoðunarstjórinn bréf, dagsett 22. janúar 1968. Þar kemur fram, að engin ákvæði hafi verið um olíulagnir við eldavélar í reglum um eftirlit með skipum, en að skoðunarmönnum hafi að sjálfsögðu borið að sjá um, að frá þeim væri gengið þannig, að ekki stafaði af þeim hættu. Í reglum frá 28. febrúar 1962 sé gerð krafa um, að brunaboði af viðurkenndri

gerð sé í vélarrúmi svo og í vistarverum skipanna, sé í þeim eldfæri, olíu- eða kolakynntur ofn eða eldavél. Síðasta skoðunar-skýrsla viðvákjandi umræddu slysi fyrir slysið sé frá 10. júní 1963, en þar sé ekki getið um, að neitt sé ábótavant. Íslenskar reglur geri ekki kröfu til, að bræðirofi sé í olíuleiðslum á eldavélum skipa. Þótt þessara bræðirofa sé ekki krafizt samkvæmt íslenskum reglum, þá hafi þeir þegar verið settir í fjölda íslenskra skipa samkvæmt ábendingu Skipaskoðunar ríkisins. Hins vegar komi þessir bræðirofar ekki að gagni, fyrr en verulegur eldshiti sé kominn í rúm það, sem þeir eru staðsettir í, því að þeir vinni ekki, fyrr en hitinn hefur brætt málmþráð, sem heldur fjaðurloka opnum. Þessir lokar hindri því ekki eða stilli á neinn hátt aðrennsli á olíu að olíubrennara eldavélar, meðan allt sé eðlilegt, jafnvel þótt eldavél verði mjög heit.

Kröfur sínar í málinu styður stefnandi þeim rökum, að eldavélin í hásetaklefanum og eða búnaður hennar hafi verið í ólagi eða eitthvað hafi bilað í eldavélinni eða í olíublöndungnum, sem tengdur var við hana. Þessi bilun eða galli verði að teljast orsök eldsvoðans og hafi leitt til dauða Kristjáns Ibsens. Á þessum göllum á eldavélinni eða blöndungnum hljóti stefndi að bera ábyrgð gagnvart stefnanda. Ef einhver vafi sé á, að þessar staðhæfingar séu réttar, þá beri stefndi sem eigandi og útgerðaraðili bátsins sönnunarbyrðina, þar sem stefndi hafi látið hjá líða að rannsókn færi fram á eldavélinni og umbúnaði hennar, en alveg sérstök ástæða hafi verið fyrir stefnda að láta slíka rannsókn fara fram, vegna þess að hér var um dauðaslys og mikið tjón að ræða. Stefnandi hafi hins vegar ekki haft aðstöðu til að koma við slíkri rannsókn. Verði stefndi því að bera hallann af því, ef rétturinn kynni að líta svo á, að einhver vafatriði væru að þessu leyti. Þá heldur stefnandi því fram, að enginn eldsvoði hefði orðið, ef útgerðin hefði hirt um þá sjálfsögðu skyldu að hafa bræðirofa tengdan við eldavélina. Auðvelt sé að koma slíkum bræðirofa við. Enda þótt Skipaæftirlit ríkisins hafi ekki gert skýlausar kröfur um, að slíkir rofar skyldu settir á eldavélar í íbúðum skipverja, hafi þó verið alveg sérstök ástæða til þess að koma fyrir öllum venjulegum öryggisútbúnaði á eldavélinni í m/s Stefni með tilliti til þess, að útgöngumöguleiki fyrir þá, sem í klefanum bjuggu, var þannig, að þeir þurftu að ganga upp brattan stiga til þess að komast út. Þá heldur stefnandi því fram, að vélstjórinn á bátnum, sem bjó ásamt öðrum skipverjum í klefanum, hafi samkvæmt 47. gr. sjómannalaganna nr. 67/1963 haft þá

skyldu að fylgjast með eldavélinni og umbúnaði hennar, þ. á m. að öryggisútbúnaður hennar væri í lagi. Bendir stefnandi sérstaklega á í þessu sambandi, að eldsneytisgeymir fyrir eldavélina hafi verið í vélarrúmi. Hafi vélstjórinn séð um áfyllingu geymisins og eðlilegast sé að líta svo á, að það hafi verið í verkahring vélstjórans sem fagmanns að líta eftir og sjá um eldavélina. Samkvæmt þessu heldur stefnandi því fram, að stefndi beri sem eigandi og útgerðarmaður umrædds skips ábyrgð á því tjóni, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir, og beri stefnda því að greiða stefnanda skaðabætur, sem hún hefur krafist í málinu. Auk þessa heldur stefnandi því fram, að stefnda hafi verið skylt að slysatriygja Kristján heitinn Ibsen fyrir kr. 200.000.00 samkvæmt 8. gr. kjarasamnings útvegsmanna á Vestfjörðum og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar á Ísafirði frá 14. júní 1963. Stefndi hafi hins vegar ekki tekið þessa tryggingu. Verði stefndi því sjálfur að greiða kr. 200.000.00, þar sem hann hirti ekki um að taka slysatrigginguna.

Aðalkröfu sína sundurliðar stefnandi nú þannig:

A. Bætur til hennar sjálfrar:

1. fyrir missi framfæranda ..	kr. 760.705.00	
2. fyrir röskun á stöðu og högum —	80.000.00	
		kr. 840.705.00

B. Bætur til Lovísu Ibsens:

1. fyrir missi framfæranda ..	kr. 33.830.00	
2. fyrir röskun á stöðu og högum —	30.000.00	
		63.830.00

C. Bætur til Ernu Ibsens:

1. fyrir missi framfæranda ..	kr. 43.781.00	
2. fyrir röskun á stöðu og högum —	30.000.00	
		73.781.00

D. Bætur til Guðmundar Hafþórs Ibsens:

1. fyrir missi framfæranda ..	kr. 90.040.00	
2. fyrir röskun á stöðu og högum —	30.000.00	
		120.040.00

E. Bætur til Kristjáns Ibsens:

1. fyrir missi framfæranda ..	kr. 116.436.00	
2. fyrir röskun á stöðu og högum —	30.000.00	
		146.436.00

F. Krafa samkvæmt 8. gr. kjarasamnings — 200.000.00

Samtals kr. 1.444.792.00

Stefndi styður sýknukröfu sína fyrst og fremst þeim rökum, að hvorki verði um kennt vanbúnaði skipsins né tækja þess né heldur mistökum annarra skipverja. Heldur stefndi því fram, að frágangur eldavélarinnar í m/s Stefni hafi ekki verið óvenju- legur miðað við önnur vélskip af svipaðri stærð hér á landi. Skipa- eftirlit ríkisins hafi ekki gert kröfu um, að öryggislokur væru tengdir við slíkar eldavélar. Verði því ekki hægt að líta svo á, að neitt hafi verið athugavert við eldavélina, en hafi svo verið, þá hafi skipstjóranum, Kristjáni heitnum Ibsen, borið skylda til að sjá um, að eldavélin og þau tæki, sem voru við hana tengd, væru í fullkomnu lagi. Ef rétturinn líti svo á, að öryggisloka hafi verið þörf við eldavélina, þá hafi það verið skylda skipstjórans, en ekki vélstjórans, að sjá um uppsetningu hans. Hafi skipstjór- inn almennt átt að gæta þess, að umbúnaður eldavélarinnar væri í lagi. Að því er varðar sönnunarreglur, þá heldur stefndi því fram, að hreppstjórinn hafi tekið skýrslu og sjópróf hafi farið fram, og meira verði ekki krafist af útgerðinni. Beri því að taka sýknukröfurnar til greina, að því er skaðabæturnar varðar. Að því er varðar kröfu stefnanda samkvæmt 8. gr. áðurgreinds kjara- samnings, þá byggir stefndi sýknukröfu sína að því leyti á því, að í framkvæmdinni hafi þessar tryggingar verið tíðkaðar þannig, að þegar skráð sé á skip, sýni viðkomandi skipstjóri skráningar- stjóra yfirlýsingu tryggingafélagsins eða tryggingarskýrteini til sönnunar því, að skyldutrygging þessi hafi verið keypt. Í þessu tilfelli hafði útgerðarfélagið ekki keypt þessa skyldutryggingu. Hafi hér raunverulega verið um vanrækslu af hálfu skipstjórans að ræða, þar sem tryggingin hafi fallið niður eða ekki verið tekin, þegar skrásetningin fór fram. Að lokum bendir stefndi á, að fari svo, að aðalkrafa eða varakrafa stefnanda verði tekin til greina að einhverju leyti, þá eigi samkvæmt áðurgreindri 8. gr. kjara- samningsins að draga vátryggingarfjárhæðina frá skaðabótafjár- hæðinni.

Svo sem lýst hefur verið hér að framan, benda gögn málsins eindregið til þess, að rekja megi eldsupptökin í vistarveru skip- verja til eldavélarinnar. Líkur eru fyrir því, að of mikil olía hafi runnið í eldhólf vélarinnar. Hins vegar er ekki upplýst, hvaða ástæður lágu til þess. Hinir sérfróðu meðdómendur telja, að annað hvort hafi orðið bilun í olíustillitækinu, sem tengt er við elda- vélina, eða handstillir hafi verið of hátt stilltur. Þá er það álit þeirra, að með vandlegri skoðun á vettvangi strax eftir slysið,

hefði væntanlega mátt fá úr því skorið, hvor af framangreindum ástæðum muni hafa verið fyrir hendi. Verður stefndi, eins og málavöxtum er háttað, að bera hallann af sönnunarskorti að þessu leyti. Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, enda þótt þeir hafi ekki séð umrædda eldavél, en með tilliti til lýsingar á henni, að hægt mundi hafa verið að koma fyrir á henni svokölluðum bræðiloka á þann hátt, að með yfirgnæfandi líkum megi staðhæfa, að slíkur loki hefði, eins og á stóð, komið í veg fyrir, að eldur yrði laus utan hennar eða ofhitun á og eða reykmyndun frá næsta umhverfi hennar. Telja hinir sérfróðu meðdómendur því, að það hafi verið sjálfsögð öryggisráðstöfun að koma fyrir slíkum bræðiloka við eldavélina ásamt brunaboða, ekki sízt með tilliti til þess, hversu útgöngu úr vistarverunni var háttað. Svo sem fram kemur í málinu, var olúgeymir eldavélarinnar staðsettur í vélarrúmi. Vélstjórinn sá um áfyllingu hans úr aðalgeymi skipsins. Verður því að telja, að olíuleiðslur og lokar ásamt olíukynditæki eldavélarinnar hafi, eins og á stóð, verið í umsjá vélstjórans. Þegar það er virt, sem hér að framan er frá greint, svo og þegar tekið er tillit til þeirra sönnunarreglna, sem hér eiga við, þá verður að fallast á það með stefnanda, að stefndi sem eigandi og útgerðarmaður skipsins verði talinn bera skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna þess tjóns, sem hún varð fyrir við missi eiginmanns síns.

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir teknir til athugunar.

Um kröfulið A 1.

Til stuðnings kröfu sinni samkvæmt A 1 hefur stefnandi fengið Guðjón Hansen tryggingafræðing til að reikna út tjónið samkvæmt þessum kröfulið. Er álitssgerð tryggingafræðingsins dagsett 14. október 1965. Þar segir meðal annars:

„Kristján Ibsen, skipstjóri, Hjallavegi 5, Suðureyri, lézt af slysförum 2. nóvember 1963. Með bréfi, dags. 6. þ. m., hafið þér, herra héraðsdómslögmaður, óskað eftir útreikningi á dánarbótum til handa ekkju hans og börnum þeirra fjórum.

Samkvæmt vottorði skiptaráðanda, dags. 14. nóvember 1963, var Kristján fæddur 24. apríl 1920 og hefur því verið 43 ára að aldri, er hann lézt. Ekkja hans, Lilja Ólafsdóttir, er sögð fædd 27. júlí 1923. Börn þeirra eru þessi:

Lovísa f. 17. jan. 1951, Erna f. 29. jan. 1952, Guðmundur Hafþór f. 20. nóv. 1957, Kristján f. 20. okt. 1962.

Auk ofangreindra fjögurra barna er stjúpsonur Kristjáns, Ingvar Bragason, f. 24. ágúst 1949, á heimilinu.

Samkvæmt upplýsingum yðar var Kristján að atvinnu skipstjóri á fiskibátum. Samkvæmt staðfestum endurritum skattaframtala fyrir starfsárin 1961—1963 voru vinnutekjur hans þau ár sem hér segir:

Árið 1961 kr. 103.590.00

Árið 1962 — 85.428.00

Árið 1963 — 134.745.00

Tekið skal fram, að síðasta árið mun ekki hafa verið talið fram, en framtalseyðublað útfyllt af skattayfirvöldum.

Ljóst er, að ofangreindar tekjur eiga að langmestu leyti rót sína að rekja til sjómennsku. Árið 1961 er Kristján talinn skráður á fiskiskip í 190 daga, og árin 1962 og 1963 er hann sagður hafa verið slysatryggður á fiskiskipi 33 vikur hvort ár.

Þegar um er að ræða tekjur bátasjómana, er ég vanur að umreikna árstekjurnar til kauplags á slysdegi og síðar með tilliti til breytinga á verði fisks á vetrarvertíð. Ástæða er til að ætla, að slíkur útreikningur hafi í för með sér óeðlilega lága niðurstöðu, og stafar það einkum af þrennu:

- Hér er um að ræða tiltölulega lágar skipstjoratekjur, og má búast við, að stundum hafi þurft að grípa til kauptryggingar, sem hækkað hefur mun meira en fiskverð.
- Ef hækkun verður á fiskverði á vetrarvertíð til samræmis við kauphækkanir, sem átt hafa sér stað í sumar og haust, kemur hún ekki til framkvæmda fyrr en eftir næstkomandi áramót, og verður því ekki reiknað með henni hér.
- Hugsanlegt er, að einhver hluti framangreindra tekna eigi rót sína að rekja til vinnu í landi, en laun fyrir hana hafa hækkað mun meira en fiskverð.

Vegna þeirra vafaatriða, sem hér hafa verið nefnd, hef ég umreiknað framangreindar vinnutekjur til kauplags, eins og það hefur verið frá slysdegi til þessa, með tvennum hætti, þ. e. annars vegar með hliðsjón af breytingum á fiskverði á vetrarvertíð og hins vegar með hliðsjón af breytingum á kjörum togarasjómana, sem að nokkru leyti fara eftir fiskverði og að nokkru leyti eftir umsömdu mánaðarkaupi.

Umreiknaðar eftir breytingum á fiskverði á vetrarvertíð reiknast mér meðaltekjur Kristjáns árin 1961—1963 verða sem hér segir:

Árið 1963	kr. 117.395.00
Árið 1964	— 124.439.00
Eftir þann tíma	— 133.150.00

Séu tekjurnar hins vegar umreiknaðar með hliðsjón af breytingum á kjörum togarasjómanna, reiknast mér hinar umreiknuðu meðaltekjur verða sem hér segir:

Árið 1963	kr. 121.510.00
Árið 1964	— 130.854.00
1. 1. til 10. 2. 1965	— 138.019.00
11. 2. til 28. 2. 1965	— 141.898.00
1. 3. til 31. 5. 1965	— 144.001.00
1. 6. til 31. 7. 1965	— 144.417.00
1. 8. til 31. 8. 1965	— 154.399.00
Eftir þann tíma	— 155.363.00

Bætur til barna:

Venja er að miða útreikning á bótum til barna vegna dauða fyrirvinnu við barnalífeyri almannatrygginga, en árlegur barnalífeyrir hefur frá slysdegi verið sem hér segir:

Desember 1963	kr. 9.799.54
Jan. 1964—febr. 1965	— 11.109.00
Marz—maí 1965	— 11.447.82
Júní 1965	— 11.515.59
Júlí—ágúst 1965	— 12.540.48
Eftir þann tíma	— 12.688.07

Sé reiknað með þessum bótum til fullnaðs 16 ára aldurs hvers hinna fjögurra barna hjónanna, reiknast mér verðmæti bótanna á slysdegi nema:

Vegna Lovísu	kr. 33.830.00
Vegna Ernu	— 43.781.00
Vegna Guðmundar Hafþórs	— 90.040.00
Vegna Kristjáns	— 116.436.00

Kr. 284.087.00

(Ef tilsvarendi krafa væri gerð vegna stjúpsonarins, Ingvars Bragasonar, mundi verðmæti bóta nema kr. 18.516.00, en verðmæti bóta ekkjunnar mundi þá lækka um kr. 9.254.00).

Tekið skal fram, að barnalífeyrir hefur á undanförunum árum hækkað minna en ýmsar aðrar bætur almannatrygginga, en í staðinn hefur verið tekin upp og aukin greiðsla mæðralauna, og fjölskyldubætur eru nú greiddar samtímis barnalífeyri.

Bætur til ekkjunnar Lilju Ólafsdóttur:

Af umreiknuðum meðalvinnutekjum Kristjáns árin 1961—1963, sbr. framanritað, er fyrst tekinn framfærslueyris barnanna fjögurra, jafnhár barnalífeyri almannatrygginga, til 16 ára aldurs hvers barns. Síðan er ekkjunni reiknaður helmingur af þeim vinnutekjum, sem afgangs verða. Verðmæti slíks framfærslueyris til Lilju Ólafsdóttur reiknast mér nema á slysdegi:

Miðað við umreikning eftir breytingum á fiskverði kr. 641.100.00
Miðað við umreikning eftir kjörum togarasjómannna — 760.705.00

Frá almannatryggingum hefur Lilja fengið slysabætur í einu lagi að fjárhæð kr. 106.517.00, sem ekki hefur verið tekið tillit til við útreikning framangreindra bóta. Enn fremur á hún rétt á mæðralaunum til októberloka 1978. Árleg mæðralaun eru þessi (með þremur eða fleiri börnum til janúarloka 1968, með tveimur börnum frá 1. 2. 1968 til 30. 11. 1973, en eftir það með einu barni):

Desember 1963	kr. 19.599.09
Jan. 1964—febr. 1965	— 24.122.40
Marz—maí 1965	— 24.858.13
Júní 1965	— 25.005.28
Júlí—ágúst 1965	— 27.230.75
Sept. 1965—jan. 1968	— 27.551.23
Febr. 1968—nóv. 1973	— 13.775.62
Des. 1973—okt. 1978	— 2.537.61

Í nóvember 1978 ætti ekkjulífeyrir, kr. 14.464.40, að taka við. Verðmæti mæðralauna og ekkjulífeyris á slysdegi reiknast mér nema kr. 182.773.00.

Framangreindir útreikningar á verðmæti framfærslueyris og bótagreiðslna eru miðaðir við starfsorkulíkur samkvæmt sænskri reynslu, íslenzkar dánarlíkur og 6% vexti p. a.“.

Kröfu sína um bætur fyrir missi framfæranda byggir stefnandi á útreikningi tryggingafræðingsins miðað við umreikning eftir kjörum togarasjómannna, kr. 760.705.00.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið stefnanda sem allt of háum. Telur stefndi, að miða beri bætur samkvæmt þessum lið við lægri fjárhæðina, kr. 641.100.00, en ekki þá hærri. Auk þess telur stefndi, að draga beri frá þessum lið kr. 106.517.00, sem stefnandi hefur fengið greiddar í einu lagi, svo og verðmæti mæðrالاuna og ekkjulífeyris, sem samkvæmt útreikningi tryggingafræðingsins reiknist á slysdegi kr. 182.773.00.

Þegar það er virt, sem hér að framan hefur verið rakið, og annað það haft í huga, sem hér skiptir máli, þá þykja bætur til Lilju Ólafsdóttur hæfilega ákveðnar fyrir missi framfæranda kr. 260.000.00, og hafa þá verið dregnar frá dánarbætur, kr. 106.517.00, sem hún fékk greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, og kr. 182.773.00, sem er áætlað verðmæti mæðrالاuna og ekkjulífeyris á slysdegi.

Um kröfulið A 2.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Þegar virt er það, sem fram er komið um hagi stefnanda og haft í huga annað það, sem máli skiptir, þykja bætur til Lilju Ólafsdóttur vegna röskunar á stöðu og högum hæfilega ákveðnar kr. 50.000.00.

Um kröfuliði B, C, D og E.

Stefndi hefur mótmælt kröfuliðum þessum sem allt of háum.

Svo sem að framan er rakið, hefur stefnandi miðað fjárhæð bótakrafna barnanna fyrir missi framfæranda við útreikning tryggingafræðingsins, eins og rakið var undir kröfulið A 1.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða börnunum bætur fyrir missi framfæranda og vegna röskunar á stöðu og högum í einu lagi. Þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 35.000.00 til Lovísu Ibsens, kr. 37.000.00 til Ernu Ibsens, kr. 45.000.00 til Guðmundar Hafþórs Ibsens og kr. 60.000.00 til Kristjáns Ibsens.

Um kröfulið F.

Í 8. gr. áðurgreinds kjarasamnings er svofellt ákvæði:

„8. grein. Útgerðarfélag þau, er að samningi þessum standa, váttryggja á sinn kostnað skipstjóra og stýrimenn, sem eru í þjón-

ustu þeirra og samningur þessi nær yfir, fyrir öllum slysum, hvort heldur þau verða um borð eða í landi.

Tryggingarupphæðin kr. 200.000.00 — tvö hundruð þúsund krónur — enda hækki hún í sömu upphæð og önnur sjómanna-samtök kunna að semja um við LÍÚ á hverjum tíma og greiðist við dauðsfall eða fulla örorku. Upphæðin greiðist aðstandendum samningsaðila, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef um örorku er að ræða að dómi læknis.

Trygging þessi skerðir ekki rétt þessa samningsaðila til greiðslu úr lífeyris- eða eftirlaunasjóðum, ef fyrir hendi eru, en kemur hins vegar til frádráttar slysa- og dánarbótakröfum á hendur útgerðinni með sama hætti og bætur frá Tryggingastofnun ríkis-ins“.

Svo sem hér að framan er greint, hefur stefnanda þegar verið tildæmdar hærri bætur en sem nemur kr. 200.000.00. Samkvæmt ákvæðum nefndrar greinar verður bótakrafa stefnanda að þessu leyti ekki tekin til greina. Verður stefnda því dæmd sýkna, að því er þennan lið varðar.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður stefnda því dæmt að greiða stefnanda, Lilju Ólafsdóttur, bætur vegna hennar sjálfrar og f. h. ófjárráða barna hennar kr. 437.000.00 (260.000.00 + 50.000.00 + 35.000.00 + 37.000.00 + 45.000.00 + 60.000.00) með vöxtum, sem reiknast 7% ársvextir frá 2. nóvember 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda sjálfri og f. h. ófjárráða barna hennar málskostnað, er ákveðst kr. 82.795.00. Þar af hljóti talsmaður stefnanda, Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður, kr. 75.000.00.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Stefni, ÍS 150, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Guðmundi Björnssyni verkfræðingi og Guðmundi Péturssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Göltur h/f, greiði stefnanda, Lilju Ólafsdóttur, sjálfri kr. 310.000.00 og f. h. Lovísu Ibsens kr. 35.000.00, f. h. Ernu Ibsens kr. 37.000.00, f. h. Guðmundar Hafþórs Ibsens kr. 45.000.00 og f. h. Kristjáns Ibsens kr. 60.000.00 ásamt vöxtum af ofangreindum fjárhæðum, sem reiknast 7% árs-

vextir frá 2. nóvember 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Þá greiði stefndi stefnanda sjálfri og f. h. ófjárráða barna hennar málskostnað, samtals kr. 82.795.00. Þar af hljóti hinn skipaði talsmaður hennar, Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður, kr. 75.000.00.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Stefni, ÍS 150, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. maí 1969.

Nr. 91/1969. **Valdstjórnin**
 gegn
Guðmundi Jóhanni Hallvarðssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Úrskurð héraðsdóms hefur kveðið upp Ólafur St. Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. maí 1969, sem barst dóminum 14. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Varnaraðili er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu eftir ákvæðum XVIII. og XXVII. kafla, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds, sem rétt er að beita, eins og á stendur, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.